

Sjálfsmatsskýrsla

TÓNSKÓLINN Í REYKJAVÍK
EDDA AUSTMANN SKÓLASTJÓRI

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Stefna og markmið sjálfsmats.....	2
Stefna	2
Markmið	2
Dæmi um leiðir til að ná markmiðum.....	3
Gagnaöflun og niðurstöður sjálfsmats.....	4
Lýsing á aðferðum.....	4
Niðurstöður:	4
Niðurstöður könnun kennara:	4
Niðurstöður úr viðhorfskönnun foreldra:.....	6
Sjálfsmat nemenda og virkara leiðsagnarnám:	7
Tafla eða samantekt á styrkleikum og tækifærum.	8
Langtímaáætlun 3 – 5 ár.....	9
Áætlun fyrir skólaárið 2026-2027	11
Umbótaáætlun.....	12

Inngangur

Í þessari sjálfsmatsskýrslu er gerð grein fyrir sjálfsmati Tónskólans í Reykjavík 2025-2026. Sett er fram áætlun til næstu ára, áætlun fyrir skólaárið, gagnaöflun og niðurstöður, þ.e. þætti sem koma vel út og þætti sem þarfnast umbóta. Að lokum er sett fram umbótaáætlun um þætti sem ætlunin er að vinna að við sjálfsmat tónlistarskólans á næsta skólaári.

Markmið með sjálfsmati er að bæta árangur og gæði tónlistarskólastarfsins en unnið er út frá ákveðnum gæðaviðmiðum. Leitast er við að veita einstaklingsmiðað nám sem byggt er á markmiðum aðalnámskrár tónlistarskóla. Skólinn býður upp á leiðsagnarnám þar sem markmiðasetning og endurmat fer fram reglulega á hverju skólaári. Þannig er gæðaviðmiðum best náð og saman fer námsánægja og námsárangur.

Allt starfsfólk tekur þátt í sjálfsmati tónlistarskólans en teymi um sjálfsmat leiðir, tekur þátt í skipulagningu þess. Skólastjóri sér um framkvæmd þess, rýnir í niðurstöður og setur fram umbótaáætlun. Í sjálfsmatsteyminu eru deildarstjórar skólans og teymið fundar að meðaltali fimm sinnum á skólaári.

Stefna og markmið sjálfsmats

Stefna

Meginhlutverk skólans er að stuðla að hæfni nemanda til að skapa og leika tónlist en ekki síður til að hlusta og njóta. Skólinn undirbýr nemendur fyrir tónlistariðkun uppá eigin spýtur sem og frekara nám í tónlist og skyldum greinum á mennta- og háskólastigi. Skólinn er skipaður vel menntuðum og metnaðarfullum kennurum sem tileinka sér einstaklingsbundið leiðsagnarnám. Kennarar aðstoða nemendur við markmiðasetningu og að ná mælanlegum árangri sem er liður í leiðsagnarnámi. Markmiðasetning felur oft í sér að undirbúa verk til flutnings á tónfundum og tónleikum eða vinna vorpróf og stigspróf þar til nemendur eru tilbúnir að ljúka grunn-, mið-, eða framhaldsprófi. Mikil áhersla er lögð á samspil nemenda og hafa margvíslegir samspilshópar og hljómsveitir verið starfræktar á vegum skólans. Skólinn hefur mikið vægi meðal skóla og menningarmiðstöðva í nærumhverfinu og lífgar tónlistarlífið. Tónleikar og aðrar upptakomur eru títt á dagskrá yfir veturinn og nemendum gefinn kostur á að koma reglulega fram.

Markmið

Meginmarkmið Tónskólans í Reykjavík er að veita vandaða tónlistarfræðslu, efla vitund og þekkingu ungmenna á tónlist, efla tónlistariðkun og tónlistarlíf. Markmiði skólans er framfylgt með:

- Kennslu í sem flestum greinum tónlistar, eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni.
- Að greiða aðgengi sem flestra nemenda að tónlistarnámi með úrvali um kennslutíma og kennslustaði.
- Fjölbreyttu skilyrði nemenda til að þroska tónlistarhæfileika sína og tónlistarrýni, efla sjálfsmynd þeirra, sjálfstæði og sköpunargáfu.
- Stuðla að vellíðan, geðrækt og forvörnum.

- Áherslu á félagslegt gildi tónlistariðkunar með ýmskonar samleik, samvinnu og samtali.
- Að veita nemendum tækifæri til að koma sem oftast fram, innan skólans sem utan.
- Að undirbúa nemendur undir áframhaldandi nám í tónlist til að verða ýmist virkir þátttakendur í tónlistarlífinu eða neytendur.

Í aðalnámskrá segir að tónlistarskólar gegni fjölbreyttu hlutverki í samfélaginu. Þeim beri að stuðla að öflugu tónlistarlífi jafnframt því að vinna að aukinni hæfni, þekkingu og þroska einstaklingsins. Skólanum ber að taka tillit til mismunandi áhugasviða, getu og þroska nemenda sinna. Kennsluaðferðir og viðfangsefni þurfa því að vera fjölbreytt og sveigjanleiki í skólastarfi er nauðsynlegur.

Dæmi um leiðir til að ná markmiðum

Skipulag

- Í forskóla kynnum við sem flest hljóðfæri og tegund tónlistar til að tryggja að eftirspurn verði eftir fjölbreyttu hljóðfæravali og tónlistarstefnum.
- Þjóðum upp á tónlistartíma í nærumhverfi nemenda á þeim tíma dag sem hentar þeim best.
- Erum í öflugu samstarfi við leikskóla, grunnskóla og tónmenntakennara, aðrar tónlistarskóla og menningarstofnanir.
- Nýtum öll tækifæri í boði fyrir nemendur að koma fram og taka þátt í hljómsveitarstarfi.

Kennsluhættir

- Við hagnýtum tæknina og nýjungar vel til að bæta námsskilyrði.
- Þjóðum einstaklingsmiðað leiðsagnarnám með fjölbreytni, frelsi og sköpun að leiðarljósi.
- Við virkjum sjálfsmat nemenda og ábyrgð þeirra á eigin námi.
- Við tryggjum að námið sé félagslegt, eflum samleik og samvinnu. Tryggjum að nemendur sækji líka hóptíma og tónfundi þar sem þeir ná að tengjast.
- Kennarar ganga úr skugga að nemandur öðlist alhliða þekkingu til áframhaldandi tónlistarnáms. Hvetja þá til að hlusta á tónlist og sækja tónleika.
- Kennarar hvetja til sköpunar og spuna.
- Skólinn og kennarar hvetja foreldra til þátttöku í námi barna sinna.

Þróunarverkefni og samstarf

Tónskólinn í Reykjavík er í öflugu samstarfi við aðra tónlistarskóla á landinu í gegnum Samtök tónlistarskólalæra og Samtök tónlistarskóla í Reykjavík. Skólinn er í öflugu samstarfi við grunnskóla og menningarstofnanir í kringum hina ýmsu viðburði. Skólinn hefur tekið þátt í Söngvavori í samstarfi við Tónskóla Sigursveins, Tónmenntaskóla Reykjavíkur, Allegro Suzuki tónlistarskóla og Tónskóla Eddu Borg í nokkur ár sem tryggir hundruðum leikskólabarna tónlist

og söng í heila önn ár hvert. Skólinn er í stöðugri þróun og leit að leiðum til að auka fjölbreytni og sköpun í tónlistarnáminu með ólík þemu í samspilsviku og á tónfundum.

Gagnaöflun og niðurstöður sjálfsmats

Lýsing á aðferðum

Sjálfsmatsteymi skólans fundaði í upphafi til að leggja mat á tillögur skólastjóra að gagnaöflun. Sjálfsmatsteymið vann SVÓT greiningu fyrir skólann og rýndi spurningakannanir skólastjóra. Niðurstaða teymis var svo lögð fyrir kennarafund. Gagnaöflun var því fjórþætt. Fyrst vann sjálfsmatsteymið rýni og SVÓT greiningu sem var borin undir kennarafund. Næst var lögð fram könnun fyrir kennara um kennsluhætti, stjórnun og starfsaðstæður. Viðhorfskönnun var einnig lögð fyrir foreldra. Síðast unnu nemendur sjálfsmat sem var viðhorfskönnun að hluta en henni skiluðu þeir til síns kennara.

Niðurstöður:

Niðurstöður könnun kennara:

Markmiðið var að meta kennsluhætti, upplýsingaflæði, stjórnun, starfsumhverfi og vinna að gildum skólans. Svarhlutfall var 13 af 18 starfsmönnum. Reikna má með að kennarar í mjög lágu starfshlutfalli hafi ekki gefið sér tíma til að svara.

Kennsluhögun og samskipti við foreldra

- **Samband við heimilin:** Mikill meirihluti kennara (9 af 13) telur sig vera í reglulegu sambandi við foreldra um námsframvindu nemandans og telja sig miðla heimanámi með skýrum hætti.
- **Hefðbundnar miðlunarleiðir:** Kennarar nýta frekar persónulegar og hefðbundnar leiðir til að skila heimavinnu til nemenda. Alls skrá 11 kennarar í kennslubók eða á nótur nemenda og 8 nýta sérstaka heimavinnudagbók.
- **Gagnatækni:** Aðeins 1 kennari nýtir upplýsingakerfið Speedadmin til að halda utan um og miðla heimanámi eða nótum til foreldra. Fimm kennarar viðurkenna að þeir treysti einfaldlega á minni nemandans.

Notkun á Speedadmin

- **Mætingar:** Kennurum er gert að skrá mætingu nemenda í Speedadmin. Rúmlega helmingur (9 manns) skráir mætingu *alltaf* eða *oftast*, á meðan 4 kennarar skrá hana aldrei.
- **Undirbúningur nemenda:** Skráning á vinnuframlagi nemenda í Speedadmin appið er af skörum skammti; 8 kennarar skrá *aldrei* í Speedadmin ef nemandi mætir óundirbúinn eða án kennslugagna í tíma.

Stjórnun, endurmenntun og vinnuumhverfi

- **Framúrskarandi ánægja með stjórnun:** Þessi þáttur stendur hæst í allri könnuninni. Allir 13 kennararnir eru sammála eða mjög sammála því að skólastjóri miðli væntingum og upplýsingum vel. Þá telja 9 af 13 að skólastjóri sýni ríkan stuðning, hvetji þá áfram og leiti lausna með þeim.

- **Starfsaðstæður:** 11 kennarar telja almennar starfsaðstæður sínar (anda, vinnutíma og aðbúnað) góðar. Í opnum svörum kemur fram að þegar kennt er úti í grunnskólum sé herbergis- og hljóðfærakostur stundum takmarkaður og samskiptaleiðir verði óskýrari þar sem yfirstjórn er sjaldnar á svæðinu.
- **Lifandi endurmenntun:** Flestir telja sig sækja reglulega endurmenntun, en hún fer aðallega fram í gegnum virka þátttöku í tónlistarlífinu. Allir 13 sækja tónleika, 11 spila með ólíkum tónlistarhópum og 10 sækja innblástur í faglegar samræður við samstarfsfélaga. Formleg námskeið í kennslufræðum eða sálfræði eru mun sjaldnar sótt (aðeins 2 kennarar).

Hvar er jákvæða fylgni að finna?

Samband við foreldra og skráning í Speedadmin

Hér er að finna sterkustu jákvæðu fylgnina í könnuninni. Hún sýnir að þeir kennarar sem leggja sig fram við að vera í reglulegu og góðu sambandi við foreldra um námsframvindu, eru líka marktækt duglegri við að nota Speedadmin til að skrá það ef nemandi mætir óundirbúinn eða gleymir gögnum. Þetta bendir til þess að ákveðinn hópur kennara vinni á mjög skipulegan og samfellt upplýsandi hátt gagnvart heimilunum, bæði með beinum samskiptum og rafrænni skráningu.

Hvar er neikvæða fylgni að finna?

Til hliðsjónar er rétt að nefna sterka neikvæða fylgni

Mætingarskráning vs. endurmenntun

Þeir kennarar sem eru mjög virkir tónlistarmenn og sækja mikið af tónleikum/innblæstri út á við, eiga það til að sýna rafrænni mætingarskráningu í Speedadmin minni ræktarsemi.

Gildi

Eftirtalin orð þykja rýma best við gildi skólans:

9 stig eða fleiri: Tónlistarnám fyrir alla – samvinna – sjálfeðling – sjálfsagi – metnaður

8 stig: Leikur – forvitni – ábyrgð – mennska – þrautseigja/seigla

Aðferðir sem kennarar nýta til að kveikja áhuga nemenda og styðja í heimaæfingum

- Taka upp lögin í tíma eða benda nemendum á hljóðupptökur.
- Taka upp myndband af laginu leiknu eða finna myndbönd á netinu.
- Skrá inn fingrasetningar, hendingar, styrkleikabreytingar og annan flutningsmáta í nótur.
- Bjóða foreldrum í tíma svo þeir geti aðstoðað nemendur heima.
- Eru í virku sambandi við foreldra til að virkja heimaæfingar.
- Reyna að kynnast betur áhugasviði nemenda og hvaða tónlist heillar.
- Reyna nýjar kennsluaðferðir eins og að spila eftir eyra, spinna, klappa hrynn, syngja, hlusta o.s.frv.
- Koma sér upp gagnagrunn af nótum og upptökum á Speedadmin sem þeir miðla til nemenda og foreldra.

- Þjóða nemendum upp á samspil til að efla félagslegan þátt tónlistarnáms. Einnig má þjóða vin í kennslustund.
- Hlusta á og tala um tónlist við nemendur til að vekja áhuga á nýrri tónlist og sögunni.
- Passa að miðla skýrt hver heimavinnan er og hver markmið með henni eru.
- Nýta tónfundi til að kynnast nemendum og foreldrum betur og virkja áhuga þeirra.
- Skipuleggja foreldraviðtöl.
- Nýta aðferðir leiðsagnarnáms til að virkja nemendur – nemendur taki þátt í að setja markmið og meta árangur.
- Hvetja nemendur til að semja tónlist.

Niðurstöður úr viðhorfskönnun foreldra:

Könnunin var lögð fyrir foreldra og forráðamenn nemenda í tónlistarnámi og söfnuðust 47 gild svör en í skólanum eru um 270 nemendur og þó nokkuð um systkini. Algengt er að annað foreldri sjái um mál nemenda gagnvart tónlistarskólanum. Heildarniðurstöður sýna afar jákvæða upplifun á náminu, frábært starf kennara og almenna ánægju með staðsetningar. Hins vegar má finna skýr tækifæri til bóta hvað varðar upplýsingatækni.

Afgerandi ánægja og árangur

- **Heildaránægja:** Námið fær góða einkunn en **90%** svarenda eru „Mjög sammála“ eða „Sammála“ því að nemandinn sé ánægður í tónlistarnáminu (33 mjög sammála, 9 sammála). Óvissir eru 8%. Einn nemandi var skráður óánægður þar sem veikindadagar kennara eru ekki bættir upp nema í langtímaforföllum.
- **Markmið og framfarir:** **83%** svarenda telja nemandann vera að ná settum markmiðum sínum í náminu (21 mjög sammála, 18 sammála). Þar eru fleiri óvissir eða 17% sem bendir til að miðla megi markmiðum skýrar í einhverjum tilfellum og tryggja að foreldrar beri sig eftir námsmati á Speedadmin.

Heimaæfingar og samskiptakerfi

- **Virgni heima:** Meirihluti nemenda æfir sig reglulega; **43%** æfa sig 4–6 sinnum í viku og **32%** tvisvar til þrisvar í viku. Hins vegar sögðu foreldrar um 11% (5 nemendur) aldrei æfa sig heima. Mögulega eru það nemendur í forskóla enda minni krafa um heimaæfingar á forstigi.
- **Áskorun í upplýsingamiðlum:** **72%** foreldra (34 manns) nota **ekki** Speedadmin appið í símanum til að tilkynna forföll og nokkrir nýta skólaumsjónarkerfið aldrei til að sækja upplýsingar.

Marktæk fylgni - Hvað hangir saman?

Samhengi árangurs og ánægju

Það er sterk og mjög marktæk fylgni á milli þess að nemandi nái markmiðum sínum og að ánægja sé með námið. Þetta staðfestir að skipulagt nám sem veitir tilfinningu fyrir framförum er lykillinn að því að halda nemendum glöðum og áhugasömum.

Jákvæð áhrif heimaæfinga

Sú mýta að kröfur um heimaæfingar dragi úr ánægju er hrakin í þessum gögnum. Marktæk jákvæð fylgni er á milli þess hversu oft nemendur æfa sig og hversu ánægðir þeir eru. Æfingarnar skapa framfarir, sem aftur eykur ánægjuna.

Nálægð við heimilið eykur ánægju

Fylgni er milli þess að foreldrar telji námið fari fram í hæfilegri fjarlægð við heimilið, og heildaránægju með námið. Þetta sýnir fram á virði þess að bjóða upp á tónlistarnám í grunnskólum nemenda eða í nærumhverfi þeirra.

Helstu tækifæri til umbóta

Byggt á bæði tölfræðinni og opnu textasvörunum eru þetta helstu atriðin sem skólinn gæti bætt:


1. **Kynning á Speedadmin skólaumsjónarkerfi og appinu:** Þar sem yfir 70% foreldra nota ekki appið til að tilkynna forföll og aðrir sækja aldrei upplýsingar í skólaumsjónarkerfið, liggur í augum uppi að foreldrar gefa sér ekki tíma til að hagnýta sér kerfið þó svo að leiðbeiningar fylgi með í tölvupóstum. Mögulega þarf að skýra allar nauðsynlegar aðgerðir í Speedadmin í foreldrahandbók skólans og láta hana fylgja öllum tölvupóstum.
2. **Miðlun markmiða í tónlistarnáminu :** Getur verið skýrari og markvissari meðal kennara sem frekar treysta á minni nemenda eða eru ekki í eins öflugum samskiptum við foreldra.
3. **Kennsluaðstæður í grunnskólum:** Bæta þyrfti kennsluaðstöðu í Rimaskóla. Kennarar þar eru á hrakhólum með rými. Í minnstu rýmum er einungis hægt að koma fyrir rafmagnspíanói. Einnig væri gott ef hægt væri að hringja eftir nemendum í kennslustofur ef þeir gleyma sér.
4. **Sveigjanleiki fyrir eldri nemendur:** Í opnum svörum kallar fólk eftir auknum sveigjanleika fyrir eldri nemendur sem eru uppteknir í íþróttum og framhaldsskóla (t.d. með því að bjóða upp á tónfræði í fjarkennslu eða færri ferðir í Hverafold).

Þættir sem hafa mest áhrif ánægju í námi er gæði kennslunnar sjálfrar og kennarinn sjálfur. Ánægja er þegar nám er fjölbreytt, einstaklingsmiðað og námsframvinda stendur undir væntingum. Annað sem leikur stórt hlutverk er að geta stundað nám í nærumhverfinu og helst á skólatíma eða fljótlega eftir skóla.

Foreldrar kalla eftir skilaboðabók um heimavinnu þegar hún er ekki fyrir hendi. Markmið þurfa ávallt að vera skýr til að einfalda foreldrum eftirfylgni. Ávallt er ánægja með samspil meðal foreldra og ákall eftir auknum tækifærum til samspils.

Sjálfsmat nemenda og virkara leiðsagnarnám:

Nemendur fylltu út sjálfsmat og skiluðu til kennara sinna. Það er fyrst og fremst hugsað fyrir nemendur, foreldra og kennara, til að auka vitund og hvetja til markmiðasetningar og styrkja ábyrgðartilfinningu nemenda fyrir eigin námi. Þættir sem nemendur nefna undir kostir og gallar tónlistarskólans rýma mjög við viðhorfskönnun foreldra. Nálægð náms við heimilið skiptir máli, tímasetning kennslustunda, kennarinn sjálfur og tónlistin sem unnið er með.



Tafla eða samantekt á styrkleikum og tækifærum.

Taflan er samantekt á niðurstöðum úr foreldra-, kennara- og nemendakönnun en einnig úr rýnihóp sjálfsmatsteymis sem samanstendur af skólastjóra og deildarstjórum skólans.

Styrkleikar	Tækifæri
- Mikil ánægja með kennara og námið í heild. - Almenn ánægja með upplýsingamiðlun frá skólastjórn og upplýsingar vel aðgengilegar á heimasíðu. - Kennsla fer almennt fram í nálægð við heimili nemenda og aðstaða þykir góð nema í einum grunnskóla. - Kennarar almennt virkir í tónlistarlífinu og eru í góðu sambandi við foreldra. - Kennarar miðla flestir heimanámi með skýrum hætti. - Kennarar leita margvíslegra leiða til að kveikja áhuga nemenda og styðja við heimanám. - Skólinn á sal til einkanota og góðan hljóðfærakost. - Gott samstarf er við leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla, menningarstofnanir. - Góður starfsandi. - Frelsi til sjálfstæðra vinnubragða.	- Hægt er að ná meiri árangri með því að miðla heimanámi og námsmarkmiðum með skýrari skriflegum hætti. - Hægt er að bæta upplýsingamiðlun með því kenna foreldrum betur að hagnýta sér Speedadmin og að kennarar hagnýti sér það betur. - Fjölga mætti kennslustöðum tónfræðinnar eða bjóða upp á fjarkennslu. - Gefa mætti fleirum kost á að sækja tónlistartíma á skólatíma. - Kenna mætti einsöng í grunnskólum. - Fjölga mætti kennslustöðum í samstarfi við aðra tónlistarskóla. - Sameina mætti tónfræðikennslu tónlistarskóla svo tímar verði aðeins fjölmennari og skemmtilegri með auknu hagræði. - Auka mætti samstarfi með samstarfi við aðra tónlistarskóla.

	- Tónlistarnemendur sem koma fram opinberlega mætti merkja meira sem afurð tónlistarnáms og skólanna. - Kynna mætti foreldrum betur þau forréttindi sem felast því að komast að í tónlistarnám sem jafnast á við að hljóta stóran námsstyrk. - Almenningur og grunnskólakennarar mættu vera fróðari um góð áhrif tónlistarnáms á annað nám.
Veikleikar	Áskoranir/ógnanir
- Kennarar sækja sér ekki endurmenntun í kennslufræði. - Kennarar starfa margir við marga tónlistarskóla eða í mikilli yfirvinnu og eiga misgott með að sækja kennarafundi eða fylgjast með upplýsingaflæði frá skólastjórn. - Speedadmiin er ekki að nýtast sem skyldi í upplýsingamiðlun og foreldrar ekki með appið í sínum sínum. - Hljóðfærakostur ekki sem skyldi í minni kennslurýmum í stöku grunnskólum. - Foreldrar lesa ekki allir foreldrahandbók eða upplýsingapósta frá skólanum. - Sumir nemendur ekki viljugir í samspil og verða af þeim lærdómi. - Margir kennslustaðir fela í sér marga snertifleti sem krefst mikils og stöðugs samráðs margra starfsmanna og boðleiðir lengri. - Foreldrar stundum ekki eins skuldbundnir og tengdir tónlistarnámi barnsins ef það fer fram í grunnskólanum. - Skólinn í Hverafold er ekki með hjólastólalagenging. - Skóli og kennarar fá ekki alltaf upplýsingar um sérþarfir eða greiningar nemenda og því ekki hægt að bregðast við eins hratt og óskandi væri. - Skammtímaveikindi kennara eru ekki fjármögnuð af hálfu sveitarfélagsins og þar með er ekki boðið upp á afleysingu nema í langtímaveikindum kennara.	- Erfiðar aðstæður í grunnskólum þar sem rými til tónlistariðkunar eru nýtt til annarra námsgreina eða sérkennslu. Hætta er á að tónlistarkennsla rúmist ekki lengur innan grunnskólanna. - Almennur skortur á húsnæði í borginni til að koma upp sjálfstæðum kennslustöðvum. Félagsheimili hafa verið nýtt en mikil ásókn er einnig í þau. - Nemendur eru mjög uppteknir á frístundatíma og erfið að skipuleggja hóptíma fyrir hliðarfög eða samspil. - Sífelldur niðurskurður sveitarfélags til tónlistarnáms er mikil ógn. - Mótstaða sumra grunnskólakennara eða skólastjóra við að börn séu tekin út úr tímum til að sækja tónlistartíma.

Langtímaáætlun 3 – 5 ár

Hér langtímaáætlun út frá gæðaviðmiðum skólans. Flestum markmiðum verður náð fyrir lok skólaárs 2026. Önnur verkefni verða klárað fyrir lok skólaárs 2027. Sumum verkefnum verður aldrei lokið því stöðugt endurmat, brýning og eftirfylgni þarf að eiga sér stað.

LANGTÍMAÁÆTLUN - *dæmi*

	2025 - 2026	2026 - 2027	2027- 2028	2028- 2029	2029- 2030
<i>Gæðaviðmið í tónlistarnámi</i>					
Námsárangur nemenda					
Einstaklingsmiðað nám	x				
Þátttaka í samspili, tónfundum og tónleikum	x	x			
Gæða kennsluhættir og verkfærakista kennara	x				
Leiðsagnarnám - skýrari vörður og markmiðasetning	x	x			
Virkt sjálfsmat nemenda og ábyrgð á eigin námi	x	x			
Reglubundið markvisst námsmat og fjölgun áfangaprófa	x	x			
Ánægja í námi og sjálfsefning	x				
Stefnumótun og skipulag					
Starfsáætlun á hverju ári og greinargerð um starfið	x				
Skólanámskrá - samantekt á heimasíðu skólans	x				
Handbók kennara á heimasíðu skólans	x				
Handbók foreldra á heimasíðu skólans og á ensku	x	x			
Áætlun um öryggi og heilbrigði í húsnæði skóla á heimasíðu	x				
Endurnýjun allra slökkvitækja	x				
Samstarf við foreldrafélög grunnskóla	x	x			
Skólapróun og nýbreytni, þemavinna og samstarf	x	x			
Námskeið í Speedadmin og skýrari leiðbeiningar á heimasíðu		x			
Innra mat / sjálfsmat tónlistarskóla					
Skipulag og framkvæmd	x				
Gagnaöflun og vinnubrögð	x				
Umbótastarf	x	x			
Viðhorfskannanir: Viðhorf og líðan					
Sjálfsmat og viðhorfskönnun nemenda	x				
Starfsmannakönnun	x				
Foreldrakönnun	x				
Aðrir áherslupættir tónlistarskólans					
Vinna að gildum skólans	x	x			
Vinna að slagorðum sem prýða heimasíðu og varning skólans sem nemendur geta skartað á tónleikum og viðburðum skólans	x	x			

Tryggja að allir kennarar ljúki námskeiði um kynferðisofbeldi - 16 af 18 hafa skilað skírteini		x			
--	--	---	--	--	--

Áætlun fyrir skólaárið 2026-2027

Viðfangsefni	Hvenær	Ábyrgðar-aðili	Hvernig metið	Viðmið	Aðgerð til umbóta
Áframhaldandi áhersla á samspil	2026 - 27	Skólastjóri og deildarstjórar	Samspilsverk skráð á sameiginlegt svæði kennara.	Langflestir upplifi samleik þó ekki nema innan kennslustundar.	Samspilsvika betur kynnt fyrir foreldrum sem hvetja nemendur til þátttöku.
Sjálfsmat nemenda verði reglubundinn liður í leiðsagnarnámi	2026 - 27	Skólastjóri og deildarstjórar	Nemendur skili inn eyðublaði að hausti og það nýtt til endurmats.	Nemendur bera ábyrgð á sínu námi.	Minna kennara á sjálfsmat að hausti og í upphafi vorannar.
Skýrari kröfur í námsmati. Allir nemendur þreyta próf í flutningi og tækni	2026 – 27	Skólastjóri og deildarstjórar	Allir nemendur þreyta hefðbundið próf eða tónleikapróf ásamt tækniprófi í kennslustund.	Nemendur ná mælanlegum árangri.	Sérstakur kennarafundur um framkvæmd prófa.
Handbók foreldra á ensku	2026-2027	Skólastjóri	Birt á heimasíðu og kynnt.	Allir geta lesið sig nánar til um námið.	Aðgengi fyrir alla.
Samstarf og skólaþróun í takt við þarfir samfélagsins	2026-2027	Skólastjóri og deildarstjórar	Í greinargerð tónlistarskóla.	Samfélagið hefur mótandi áhrif á skólastarfið.	Tónlistarnám fyrir alla.
Námskeið í Speedadmiin og skýrari leiðbeiningar	2026-2027	Skólastjóri	Birt á heimasíðu og kynnt.	Allir hagnýti sér tæknina.	Betra aðgengi að upplýsingum og auðveldara að tilkynna fjarvistir.
Vinna að gildum og slagorðum skólans	2026-2027	Skólastjóri og deildarstjórar	Birt á heimasíðu skólans og kynnt.	Starfið endurspeglar gildi skólans.	Æ betri skólabragur og sameinandi gildi.
Allir kennarar ljúka námskeiði um kynferðisofbeldi	2026-2027	Skólastjóri	Allir kennarar skila skírteini um námskeiðslok.	Allir kennarar þekkja ummerki um kynferðisofbeldi og geta brugðist við.	Fylgja eftir að tveir kennarar skili skírteini sem og nýráðnir kennarar.

Umbótaáætlun

Hér kemur fram skýr aðgerðaáætlun um úrbætur sem lúta að veikleikum í skólahaldi sem eru tilgreindir í SVÓT greiningu.

UMBÓTAÁÆTLUN Sjálfsmat Tónskólinn í Reykjavík					
Viðfangsefni	Hvenær	Ábyrgð	Hvernig metið	Viðmið	Aðgerð til umbóta
Fræða um námskeið í kennslufræðum.	Kennarafundur í ágúst.	Skólastjóri	Könnun að vori.	Allir kennarar sækja sér einhverja formlega endurmenntun.	Fræðsla og hvatning.
Skrá mætingar kennara á kennarafundi og krefjast að þeir kvitti fyrir móttöku tölvupósta.	Kynnt á kennarafundi í ágúst.	Skólastjóri	Fjarvistir og skortur á svörun skráð.	Allir kennarar eru virkir og upplýstir um stefnu og verkefni á dagsskrá.	Aðhald og eftirfylgni. Niðurstaða tekin fyrir í starfsmanna-samtali.
Kennsla á Speedadmin.	Kennarafundur í október.	Skólastjóri og deildarstjórar	Könnun að vori.	Allar mætingar nemenda skráðar sem og samskipti við foreldra efld. Veikindadagar kennara skulu einnig skráðir í appið.	Aðhald og eftirfylgni. Niðurstaða tekin fyrir í starfsmanna-samtali.
Leiðbeiningar um notkun á Speedadmin í foreldrahandbók á heimasíðu.	Senda út í upphafi skólaárs og í apríl þegar sækja þarf prófaniðurstöður að vori.	Skólastjóri	Könnun að vori.	Foreldrar hagnýti sér betur Speedadmin til að sækja námsmat, fylgjast með dagskrá og tilkynna fjarvistir.	Útbúa góðar íslenskar og enskar leiðbeiningar í samstarfi við Speedadmin.
Allir nemendur taki þátt í einhverju samspili.	Upplýsingapóstur í janúar um samspilsviku framundan og fyrirkomulag.	Skólastjóri	Kennarar finna fyrir auknum vilja til samspils.	Nemendur kynnast betur félagslegum þætti tónlistarnámsins.	Fræða foreldra betur um samspilsviku svo þeir hvetji börn sín til þátttöku.
Aukin skuldbinding foreldra barna sem stunda nám sitt í grunnskólanum.	Brýna fyrir öflugum tengslum við foreldra á kennarafundum haustsins.	Skólastjóri og kennarar	Nemendur mæta undirbúnir og með námsgögn.	Foreldrar fylgja betur eftir námi barna sinna, passa upp á heimaæfingar og að námsgögn fylgi í skólann.	Bjóða foreldrum í tónlistartíma eða tengjast þeim betur með foreldrafundum eða tónfundum.
Skortur á upplýsingum til skóla um sérþarfir	Upphaf annar.	Skólastjóri og kennarar	Kennarar eru meðvitaðir um hvernig	Nemendum er mætt af meiri skilningi og	Kalla eftir þessum upplýsingum í upphafspósti

[illegible]